

**Fjárlaganefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík**

Reykjavík, 6. október 2022

Tilv. 40.13 / 6.2

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjárlög 2022, 1. mál, vegna leyfisskyldra lyfja

Árið 2019 fól heilbrigðisráðherra Landspítala fjárhagslega ábyrgð á fjárlagalið 08-212-110, Leyfisskyld lyf. Landspítali sendir því inn sérstaka umsögn sem snýr að leyfisskyldum lyfjum (fjárlagalið 08-212-110).

Leyfisskyld lyf eru lyf sem eingöngu er heimilt að nota að undangengnu samþykki lyfjanefndar Landspítala. Þau eru jafnan kostnaðarsöm eða vandmeðfarin og krefjast sérfræðipækkingar og aðkomu heilbrigðisstarfsfólks hvort heldur er vegna gjafar, eftirlits með sjúklingi eða eftirlits með notkun lyfs sbr. 7. tl. 3. gr lyfjalaga nr. 100/2020.

Undir fjárlagalið leyfisskyldra lyfja fellur kostnaður vegna slíkra lyfja sem notuð eru á Landspítala eða á öðrum heilbrigðisstofnunum og sem afgreidd eru í lyfjaverslunum (afgreiðsluapóteki Landspítala og öðrum lyfjabúðum). Landspítali hefur þannig yfirumsjón með greiðslu kostnaðar vegna leyfisskyldra lyfja sem notuð eru um land allt.

Vaxandi kostnaður

Leyfisskyld lyf geta gjörbreytt lífslíkum og lífsgæðum sjúklinga. Þar sem lyfin eru yfirleitt flókin og dýr fer innleiðing þeirra fram í áföngum. Það tekur jafnan um þrjú ár fyrir kostnaðaráhrif af nýju lyfi að koma að fullu fram. Þannig munu lyf sem tekin voru í notkun 2021 og 2022 hafa áhrif til aukningar útgjalda á árinu 2023.

Frá því Landspítali tók við fjárhagslegri ábyrgð á leyfisskyldum lyfjum í upphafi árs 2019 hefur náðst að lækka kostnað umtalsvert með ýmsum hagræðingaverkefnum. Landspítali mun halda þeirri vinnu áfram og leitar stöðugt allra leiða í samvinnu við lækna og aðra sérfræðinga að hagræða innan málaflokksins. Nauðsynlegt er samt sem áður að gera ráð fyrir auknum lyfjakostnaði vegna nýrra kostnaðarsamra lyfja, nýrra meðferða með lyfjum sem þegar eru innleidd og vegna fólksfjölgunar og vaxandi fjölda aldraðra. Miklar framfarir hafa orðið í þróun lyfja til meðferðar við illvígum sjúkdómum og hefur það leitt til bættrar lifunar sjúklinga.

Samkvæmt drögum að áætlun fyrir leyfisskyld lyf sem unnin er miðað við sömu forsendur og áætlunin fyrir árið 2022 má áætla að heildarkostnaður leyfisskyldra lyfja verði 14.111,0 m.kr. á árinu 2023. Fjárveiting ársins 2023 skv. frumvarpi til fjárlaga er 11.950,6 m.kr. Því stefnir að óbreyttu í 2.160,4 m.kr. fjárvöntun á árinu 2023.

Landspítali bendir á að í fjárlagafrumvarpinu er aðeins gert ráð fyrir 2% raunvexti leyfisskyldra lyfja en vöxturinn hefur verið að meðaltali 10% á milli ára á síðastliðnum 5 árum. Í áætlun Landspítala er tekið mið af áætluðum vexti mannfjölda milli ára samkvæmt mannföldaspá Hagstofu Íslands, áætluðum vexti vegna nýrra lyfja og áætlaðri magnaukningu sem mæld er í skilgreindum dagsskömmtum ákveðinna lyfja og lyfjaflokka. Því er ekki raunhæft að miða við að raunvöxtur leyfisskyldra lyfja sé einungis 2% þegar aðrir þættir en grunnaukning mannfjölda hefur áhrif á kostnað og notkun leyfisskyldra lyfja.

Miðað við fjárlagafrumvarpið verður því ekkert svigrúm fyrir lyfjanefnd Landspítala að taka ný lyf í notkun á árinu 2023 og fjárveitingar munu vart nægja til að viðhalda í öllum tilvikum lyfjameðferð sem þegar er hafin.

Lokaorð

Samkvæmt áætlun Landspítala stefnir í 2.160,4 m.kr. fjárvöntun á árinu 2023. Landspítali ítrekar mikilvægi þess að nægilegt fjármagn sé veitt í þennan málaflokk til að geta greitt fyrir þau lyf sem nú þegar hafa verið innleidd og til að tryggja aðgengi landsmanna að nýjum lyfjum í takt við það sem þekkist í nágrannalöndum okkar.

Virðingarfyllst,

Runólfur Pálsson
forstjóri Landspítala